



WP2 A1:

Aðferðafræði

kortlagningar

vitundar um hamfarir og lífsbjargandi færni

Project number: 2024-1-ES01-KA220-VET-000257287



Co-funded by
the European Union

Funded by the European Union. Views and opinions expressed are however those of the author(s) only and do not necessarily reflect those of the European Union or the European Education and Culture Executive Agency (EACEA). Neither the European Union nor EACEA can be held responsible for them.

EFNISYFIRLIT

Inngangur 2

Aðferðafræði 3

Fasi 1 3

Fasi 2 4

Skýring á skrifborðsrannsókn 4

Skýring á vettvangskönnun – spurningalistakönnun 5

Skýring á rýnihópum 6

Heimildir 7

Viðauki 18

Viðauki 210

Viðauki 312



INNGANGUR

Markmið WP2 er að kortleggja þarfir VET kennara og fullorðna, sérstaklega þeirra sem tilheyra félagslega og efnahagslega viðkvæmum hópum, þar á meðal fjölmenningsarsamfélaga og innflytjenda, í tengslum við hamfaravitund og lífsbjörgunarhæfni. Þessi kortlagning er grundvöllur að þróun námskrár WP3. Í þessu samhengi greinir samstarfið einnig dæmi um góða starfshætti á sviði hamfara fræðslu og lífsbjargandi tækni í samstarfslöndunum. Áhersla er lögð á að skoða hvernig menntakerfin styðja við viðbúnað gagnvart hamförum og hvaða tækifæri fullorðnir hafa til að tileinka sér þessa mikilvægu færni.

Til að greina núverandi stöðu hamfaravitundar meðal markhópa í samhengi Evrópusambandsins, kortleggja þá færni sem nauðsynleg er á þessu sviði, skoða algengar ranghugmyndir um hamfarafræðslu og fanga einstök sjónarmið flóttamanna og innflytjenda, mun samstarfið framkvæma heildstæða greiningu. Greiningin felur í sér heimildarýni, greiningu á góðum starfsháttum, skoðun á viðeigandi löggjöf, þar á meðal borgaralegra öryggisáætlana og skilgreiningu á ábyrgð sem fram kemur í þessum skjölum. Að auki er metið hvort þessar landsbundnu áætlanir séu aðgengilegar á mörgum tungumálum, til að tryggja aðgengi fyrir innflytjendur og fjölmenningsarsamfélög. Aðferðafræðin felur í sér blandaða nálgun sem samanstendur af skjala- og heimildarýni, spurningalistakönnun og framkvæmd rýnihópa með kennurum og nemendum í starfsnámi, sem og fulltrúum almennings. Sérstök áhersla er lögð á þarfir og reynslu fjölmenningsarsamfélaga. Þessi nálgun tryggir dýrmæta innsýn í fræðsluþarfir á sviði hamfara, algengar ranghugmyndir og áhrif þeirra á viðhorf almennings.



AÐFERÐARFRÆÐI

Aðferðafræðin sem við munum innleiða til að ná markmiðum Lýsandi Kortlagningar á Hamfaravitund og Lífsbjargandi Færni í samhengi starfsnáms byggir á blandaðri rannsóknaraðferð. Slík nálgun felur í sér söfnun, greiningu og samþættingu meginlegra og eigindlegra gagna innan einnar rannsóknar og einnig yfir röð rannsókna. Rökin fyrir því að beita bæði meginlegum og eigindlegum aðferðum eru þau að samspil þessara aðferða veitir dýpri og heildstæðari skilning rannsóknar vandamála en hvor aðferð um sig getur gert ein og sér.

Í þessari verður notast við skýringamiðaða raðbundna blandaða aðferð (e. Explanatory Sequential Mixed Methods Design). Þessi nálgun felur í sér tvö stig þar sem meginlegum gögnum er safnað fyrst og þau greind, en í kjölfarið fylgir eigindlegt stig sem byggir á niðurstöðum fyrra stigsins. Meginleg gögn verða notuð til að velja þátttakendur í eigindlega hlutann og til að móta eftirfylgni spurningar sem miða að því að dýpka skilning á upphaflegum niðurstöðum. Markmið þessa rannsóknarsniðs er að láta eigindleg gögn varpa ljósi á meginlegar niðurstöður. Dæmigerð aðferð felur í sér að framkvæma könnun á fyrsta stigi og halda rýnihópa í kjölfarið, þar sem sjónarmið og reynsla þátttakenda varðandi hamfaravitund og algengar ranghugmyndir í fræðslusamhengi eru könnuð nánar.

Rannsóknin okkar verður framkvæmd í tveimur áföngum, skipt í þrjár meginaðferðir

Fasi 1

- a. **Vandvirk heimildarýni:** Framkvæmd ítarlegrar yfirferðar á fyrirbyggjandi fræðilegum heimildum, stefnum og löggjöf sem tengjast hamfaravitund, þar á meðal borgaralegum öryggisáætlunum og þeim ábyrgðum sem tilgreindar eru í slíkum skjölum. Yfirferðin mun einnig beinast að því að meta þau fræðslutækifæri sem standa til boða í samstarfslöndunum, sérstaklega þau sem stuðla að aukinni hamfaravitund og lífsbjargandi færni. Sérstök áhersla verður lögð á að meta aðgengi þessara úrræða fyrir innflytjendur og fölmenningasamfélaga, auk greiningar á rangfærslum og mýtum sem kunna að tengjast hamfarafræðslu.
- b. **Spurningakönnun:** Lagt verður fyrir könnun meðal kennara og nemenda í starfsnámi, sem og almennings, til að safna meginlegum gögnum um þekkingu á hamfaravitund, þjálfunarpörf og útsetningu fyrir rangfærslum



Fasi 2

Rýnihópar með markhópum: Skipulag rýnihópaumræðna með kennurum og nemendum í starfsnámi, sem og fulltrúum almennings, einkum úr röðum innflytjenda og fjölmenningasamfélaga, með það að markmiði að afla eigindlegar innsýnar í reynslu þeirra, sýn á viðbúnað gagnvart hamförum og algengar rangfærslur sem kunna að ríkja á því sviði

Þessi blandaða aðferðafræði mun tryggja ítarlegan skilning á þörfum sem tengjast hamfaravitund og lífsbjargandi færni og styður þannig við þróun sérsniðinna fræðsluefnis í verkpakka 3 (WP3)

Skýring á skrifborðsrannsókn

Fyrsti þátturinn í kortlagningar aðferðinni felst í ítarlegri heimildarýni sem VET-READY samstarfið mun framkvæma. Hver samstarfsaðili mun fara yfir rannsóknir, greinar og fræðileg rit, (10 - 20 talsins), til að greina góða starfshætti, tiltæk úrræði og fræðslutækifæri sem tengjast hafaravitund og lífsbjargandi færni í samhengi starfsnáms og fræðslu fyrir fullorðna. Einnig verður lögð áhersla á greiningu rangfærsla og mýta.

Eftirfarandi uppsentning kynnir skýra skiptingu kafla sem skulu koma fram í smáskýrslu hvers samstarfsaðila (5-10 blaðsíður) (sjá viðauka 1):

1. **Rammi um vitundarvakningu í starfsnámi vegna hamfara:** Samantekt á fyrirbyggjandi ramma og stefnumótun sem stýrir fræðslu um hamfarir í samhengi starfsmenntunar
2. **Góðar starfsvenjur í hamfarafræðslu og lífsbjargandi færni:** Hver samstarfsaðili skal greina og lýsa að minnsta kosti þremur árangursríkum starfsháttum sem eru nú þegar í framkvæmd í þeirra heimalandi og stuðla að aukinni hamfaravitund og þjálfun í lífsbjargandi færni
3. **Námstækifæri:** yfirlit yfir náms áætlanir, námskeið og þjálfunarúrræði sem stuðla að aukinni hamfaravitund og færniþróun fyrir kennara og nemendur í starfsnámi



4. **Greining á rangfærslum og mýtum:** Athugun á ríkjandi mýtum og rangfærslum tengdum viðbúnaði gagnvart hamförum sem geta hamlað árangursríkri fræðslu og viðbragðsáætlunum innan samfélaga.
5. **Greining á löggjöf og stefnumótun:** Athugun á viðeigandi borgaralegra öryggisáætlana, laga og reglugerða sem tengjast viðbúnaði í tengslum við hamfarir, þar með talið skilgreining á ábyrgðum í slíkum skjölum.
6. **Aðgengi fyrir innflytjendur og fjölmenningsamfélaga:** Mat á aðgengi að fræðsluefni og borgaralegum öryggisáætlunum fyrir innflytjendur og fjölmenningsamfélaga, þar á meðal tungumála aðgengi og menningarleg gildi

Allar upplýsingar sem koma fram í ofangreindum köflum skulu byggðar á innlendum heimildum, og æskilegt er að stuðst sé við skjöl og rannsóknir sem gefnar hafa verið út frá og með árinu 2022. Rétt tilvitnun skal fylgja textanum og heimildir skráðar í heimildaskrá í samræmi við 7. útgáfu APA staðalsins.

Skýring á vettvangskonnnun – spurningalistakonnnun

Samhliða heimildarýni mun VET-READY samstarfið safna og greina meginndleg gögn sem byggja á svörum við sérhönnuðum spurningalistum. Spurningalistarnir verða þýddir á tungumál samstafaðila og lagðir fram í gegnum netið (t.d. Google Forms), með tenglum sem koma fram í viðaukum 2 og 3. Hver samstarfsaðili skal safna svörum frá að minnsta kosti 25 kennurum í starfsnámi og 50 þátttakendum úr hópi námsmanna, þar af 25 nemendum í starfsnámi og 25 einstaklingum úr hópi innflytjenda og fjölmenningsamfélaga, til að gera samanburðargreiningu á niðurstöðum.

Könnunin mun samanstanda af tveimur gerðum spurningalista: einum fyrir kennara í starfsnámi (viðauki 2) og öðrum fyrir nemendur (viðauki 3). Báðir listar skiptast í sjö mismunandi hluta:

- a) Bakgrunnsupplýsingar þátttakenda: Safnað verður lýðfræðilegum upplýsingum og öðrum gögnum um bakgrunn þátttakenda sem tengjast fræðslu um hamfarir
- b) Núverandi þjálfunar tælfæri: kortleggja tiltæk prógrömm, námskeið, og úrræði sem stuðla að hamfaravitund og þjálfun í lífsbjargandi færni.
- c) Námsþarfir: Metnar verða sértækar þjálfunar þarfir og þekkingargöt sem þátttakendur greina í tengslum við viðbúnað vegna hamfara



d) Æskileg lífsbjargandi færni: Kortlögð verður sú færni sem þátttakendur óska eftir að tileinka sér í tengslum við viðbúnað og viðbrögð við hamförum.

e) Þekking og viðhorf til hamfaraviðbúnaðar: Metin verður fyrirbyggjandi þekking og viðhorf þátttakenda til hamfara og viðbúnaðar

f) Upplýsingaveitur: Greint verður hvaðan þátttakendur afla sér upplýsinga um hamfaraviðbúnað, þar á meðal hefðbundna stafræna miðla

g) Útsetning fyrir rangfærslum og mýtum: Metin verður vitund þátttakenda um algengar mýtur og rangfærslur tengdar hamfarafræðslu og áhrif þeirra á viðhorf og hegðun.

Að lokinni framkvæmd spurningalistans skulu allir samstarfsaðilar taka saman niðurstöðurnar og senda þær til Neotalentway til heildstæðrar greiningar. Uppbygging spurningalistanna byggir á fyrirbyggjandi rannsóknum og bestu starfsháttum sem þróaðir hafa verið út frá viðeigandi heimildum, þar á meðal leiðbeiningum frá stofnunum á sviði hamfarastjórnunar og fræðsluramma.

Skýring á rýnihópum

Á öðru stigi rannsóknarinnar munu samstarfsaðilar í VET-READY verkefninu framkvæma rýnihópa til að staðfesta kortlagningar skýrsluna og kafa dýpra í þá innsýn sem aflað var á fyrsta stigi. Hver samstarfsaðili mun skipuleggja einn rýnihóp með 5 til 8 þátttakendum, þar á meðal kennurum og nemendum í starfsnámi, auk fulltrúa úr hópi innflytjenda og fjölmenningasamfélaga sem tóku þátt í fyrstu umferð könnunarinnar.

Þáttakendum verður kynntar helstu niðurstöður og ályktanir kortlagningar skýrslunar. Með fyrirfram skilgreindum spurningum, sem Neotalentway útbýr eftir greiningu könnunarinnar, taka þeir þátt í umræðum þar sem gögnin eru skoðuð nánar. Markmiðið er að safna eigindlegri innsýn sem gefur betri mynd af nákvæmni, mikilvægi og notanagildi niðurstaðna sem tengjast hamfaravitund og lífsbjargandi færni

Á meðan rýnihópaumræðum stendur munu þátttakendur meta innihald skýrslunnar með 5 - stiga Likert kvarða, þar sem mismunandi þættir eru metnir, svo sem skýrleiki, viðeigandi innihald og heildstæð framsetning. Auk þessarar formlegu matsleiðar fá þátttakendur tækifæri til að leggja til úrbætur, breytingar og hugsanlegt viðbótarefni

Niðurstöður rýnihópanna munu gegna lykilhlutverki sem einn af þremur gæðaáföngum í mati á kortlagningar skýrslunni og tryggja að verkpakki 2 (WP2) endurspegli



raunverulegar þarfir markhópanna og styðji á áhrifaríkan hátt við þróun fræðsluefnis um viðbúnað gagnvart hamförum.

HEIMILDIR

American Psychological Association. (2020). Publication manual of the American Psychological Association (7th ed.). <https://doi.org/10.1037/0000165-000>

Asteria, D., Surpi, N. K., Brotosusilo, A., & Suja'i, I. S. (2023). Integration of local capacity building in countering false information about disaster into community-based disaster risk management. *IOP Conference Series: Earth and Environmental Science*, 1275, Article 012028. <https://doi.org/10.1088/1755-1315/1275/1/012028>

Creswell, J. W. (2014). *Research design: Qualitative, quantitative, and mixed methods approaches* (4th ed.). Sage Publications.

European Civil Protection and Humanitarian Aid Operations. (n.d.). Disaster risk reduction. Retrieved from https://civil-protection-humanitarian-aid.ec.europa.eu/what/humanitarian-aid_en

Gonzalez, L., & Martinez, R. (2019). Mapping disaster risk: Approaches, challenges, and opportunities. *International Journal of Disaster Risk Reduction*, 34, 193-204. <https://doi.org/10.1016/j.ijdrr.2018.10.007>

Heard, C. L., Pearce, J. M., & Rogers, M. B. (2019). Mapping the public first-aid training landscape: A scoping review. *Disasters*, 43(4), 588-605. <https://doi.org/10.1111/disa.12406>

Khan, A., & Leifer, R. (2021). Participatory mapping methodologies for community disaster risk management: A case study approach. *Journal of Mapping and Geographic Information Science*, 5(2), 34-48. <https://doi.org/10.1016/j.jmgis.2021.02.003>

Palacio, J., & Tompkins, A. (2020). Utilizing mapping tools for effective disaster education and engagement: Lessons from the field. *Disaster Management and Response*, 18(1), 72-82. <https://doi.org/10.1016/j.dmr.2020.01.004>

Perry, R. W., & Lindell, M. K. (2003). Preparedness for emergency response: Guidelines for the emergency planning process. *Disasters*, 27(4), 336-350. <https://doi.org/10.1111/j.0361-3666.2003.00234.x>

United Nations Office for Disaster Risk Reduction. (2020). Global assessment report on disaster risk reduction. <https://www.undrr.org/publication/global-assessment-report-disaster-risk-reduction-2020>



VIÐAUKI 1

Sniðmát fyrir skýrslu um heimildarýni

Titill: Heimildarýni á hamfaravitund - Þjóðarskýrslur Lettlands/Spánnar/Úkraínu

Kaflí 1: Rammi hamfaravitundar í starfsnámi.

Í þessum kafla skal hver samstarfsaðili kynna þann ramma, stefnumótunarskjöl eða leiðbeiningar sem til eru í samhengi sinnar þjóðar og varða fræðslu um hamfaravitund fyrir nemendur í starfsnámi. Hér skal sérstaklega leggja áherslu á skjöl og áætlanir sem styðja við hamfarafræðslu innan starfsmenntunar og hafa verið gefin út frá árinu 2022 eða síðar

Kaflí 2: Good Practices in Disaster Education and Life-Saving Skills

Hér fyrir neðan skal hver og einn samstarfsaðili tilgreina og lýsa að minnsta kosti þremur árangursríkum aðferðum sem nú þegar eru notaðar í þeirra heimalandi til að auka hamfaravitund og þjálfun í lífsbjargandi aðgerðum. Notast skal við eftirfarandi töfluform til að kynna upplýsingarnar, með áherslu á gögn sem eru ekki eldri en frá árinu 2022:

Titill	Ár framkvæmdar	Short Description of the Practice	Lærdómur / áhrif	Fyrirliggjandi gögn (e.g., Vefslóð, mynd, o.fl.)
Sýnidæmi 1	2022	Stutt lýsing á aðgerð 1	Helstu lærdómar og áhrif sem komu í ljós	Hlekkur eða lýsing á tiltækum gögnum
Sýnidæmi 2	2023	Stutt lýsing á aðgerð 2	Helstu lærdómar og áhrif sem komu í ljós	Hlekkur eða lýsing á tiltækum gögnum
Sýnidæmi 3	2022	Stutt lýsing á aðgerð 3	Helstu lærdómar og áhrif sem komu í ljós	Hlekkur eða lýsing á tiltækum gögnum



Kafli 3: Námstækifæri

Í þessum kafla skal veita upplýsingar um tiltekin námstækifæri (s.s. vinnustofur, málstofur, háskólanámskeið o.fl.) sem beinast að hamafaravitund og þjálfun í lífsbjargandi færni, sem eru til staðar fyrir námsmenn í starfsnámi, almenning, og innflytjendur og fjölmenningsamfélaga. Lögð skal áhersla á námstækifæri sem hafa verið í boði frá árinu 2022 og síðar

Kafli 4: Greining á rangfærslum og mýtum

Hver samstarfsaðili skal veita greiningu á algengum mýtum og rangfærslum sem tengjast undirbúningi fyrir hamfarir og sem kunna að hamla árangursríkri fræðslu og viðbragðsáætlunum í samfélaginu

Kafli 5: Greining á löggjöf og stefnumótun

Í þessum kafla skal hver samstarfsaðili greina viðeigandi öryggisáætlanir borgaralegs eðlis, lög og reglugerðir sem tengjast viðbúnaði við hamförum. Sérstaklega skal einblína á lög og reglur sem hafa verið settar frá árinu 2022 og lýsa þeim hlutverkum og ábyrgð sem hverjum hópi samfélagsins eru falin í slíkum skjölum, bæði varðandi undirbúning og viðbrögð

Kafli 6: Aðgengi fyrir fjölmenningsamfélög

Meta hversu aðgengileg fræðsluúrræði og öryggisáætlanir eru fyrir samfélög innflytjenda og fjölmenningsamfélaga. Taka skal tillit til á hvaða tungumálum efnið er aðgengilegt og hvort það hafi verið aðlagð að menningarlegum aðstæðum viðtakenda.

Kafli 7: Heimildir

Hver samstarfsaðili skal láta fylgja með viðeigandi heimildaskrá (að lágmarki 10-20 heimildir) sem notaðar voru við gerð skýrslunnar. Heimildirnar skulu vera tilgreindar í texta og settar fram í heimildaskrá samkvæmt 7. útgáfu APA-staðalsins, þar með talið eftirfarandi gerðir heimilda:

- **Fyrir tímaritsgreinar:**

Höfundur, A. A., Höfundur, B. B., & Höfundur, C. C. (Ár). Titill greinarinnar. *Nafn tímarits, Bindi*(Útgáfa), bls. xxx-xxx. <https://doi.org/xxxxxx>

- **Fyrir bók:**

Höfundur, A. A. (Ár). *Titill bókar* (Útgáfa). Útgefandi. <https://doi.org/xxxxxx>



- **Skýrslur frá opinberri stofnun:**

Nafn stofnunar. (Ár). *Titill skýrslunnar* (Skýrsla nr.. xxx). Slóð

- **Fyrir vefsíðu:**

Höfundur, A. A. (Ár, Mánuður Dagur). Titill vefsíðu. Heiti vefsvæðis. Slóð

VIÐAUKI 2

Skýrsla um kafla spurningalistans - Nemendur í starfsnámi

Titill: VET-READY WP2 Könnun - Nemendur í starfsnámi

Hlekkur: <https://forms.gle/quHcqrKLUGAhL6VH8>

Upplýsingar um þátttakendur

Þessi hluta er markmiðið að safna almennum upplýsingum um þátttakendurna, þar á meðal búsetuland þeirra, kyn og reynslu af starfsnámi. Þessi gögn nýtast til að greina bakgrunn þátttakenda, bera kennsl á aðstæður í ólíkum löndum og meta hvernig menntun þeirra og reynsla hefur áhrif á þekkingu þeirra á viðbúnaði vegna hamfara og lífsbjargandi aðferðum

Núverandi (fræðslutækifæri)

Í þessum hluta er könnuð sú fræðsla sem þátttakendur hafa fengið varðandi viðbúnað vegna hamfara. Markmiðið er að greina helstu fræðsluleiðir sem eru nýttar og varpa ljósi á möguleg skörð í aðgengi og námsefni. Söfnun gagna mun nýtast til að meta framboð og árangur núverandi fræðsluáætlana í kennslu um viðbúnað og viðbrögð í neyðartilvikum

Námsþarfir

Tilgangurinn með þessum hluta er að greina helstu áskoranir sem kennarar standa frammi fyrir þegar það kemur að fræðslu um viðbúnað og viðbrögð við neyðartilvikum. Með þessum upplýsingum verður hægt að greina hvaða hæfni og .ekkingu kennarar telja mikilvæga til að efla kennsku á þessu sviði. Einnig er leitast við að skilja þær hindranir sem takmarka árangur slíkrar fræðslu, svo sem skort á úrræðum, stuðningi stofnana eða fyrri fræðsla.



Lífsbjargandi færni

Í þessum hluta spurningalistans munu þátttakendur tilgreina hvaða færni þeir telja mikilvægust í tengslum við fræðslu um viðbúnað vegna hamfara. Þessar upplýsingar nýtast til að ákvarða forgangssvið í þjálfun og þróa markvissar aðferðir til að bæta námsúrræði á þessu sviði. Markmiðið er að tryggja að kennarar hafi nauðsynleg verkfæri til að miðla lykilþekkingu um öryggi og viðbrögð við neyðartilvikum

Þekking og viðhorf til hamfara

Í þessum hluta er lagt mat á sjálfstraust þátttakenda varðandi getur þeirra til þess að bregðast við í neyðartilvikum. Einnig verður greindur skilningur þeirra á viðbúnaði nemenda sinna og stofnanir á þessu sviði verða einnig greindar. Þessi gögn nýtast til að greina hvar þörf er á úrbótum og til að móta stefnu um hvernig hægt sé að efla fræðslu um neyðarstjórnun innan starfsmenntakerfisins

Upplýsingaöflun

Í þessum hluta er skoðað með hvaða hætti þátttakendur afla sér upplýsinga um viðbúnað vegna hamfara. Sérstaklega verður metið hversu oft þeir nýta sér mismunandi miðla, svo sem hefðbunda fjölmiðla, samfélagsmiðla og opinberar stofnanir. Með því að greina þessar leiðir er hægt að skilgreina hvaða miðlar eru árangursríkastir til að miðla fræðslu um forvarnir og viðbrögð við neyðartilvikum.

Útsetning fyrir rangfærslum og mýtum

Í þessum hluta verður greint hversu miklum rangfærslum og mýtum þátttakendur hafa orðið fyrir í tengslum við fræðslu og viðbúnað. Einnig verður skoðað hvernig slík mistúlkun hefur áhrif á kennslu og mat kennara á áreiðanleika þeirra upplýsinga sem í boði eru. Markmiðið er að draga fram þörfina fyrir fræðslu og aðgengi að traustum heimildum til að efla gæði náms á þessu sviði.



VIÐAUKI 3**Skýrsla um spurningalista - Kennarar í starfsnámi**

Titill: VET-READY WP2 Kannanir - Kennarar í starfsnámi

Hlekkur: <https://forms.gle/joCUFDfFtZuvsuGE7>

Upplýsingar um þátttakendur

Í þessum hluta eru teknar saman upplýsingar um bakgrunn og starfsreynslu kennara í starfsnámi. Þátttakendur merkja við í hvaða landi þeir búa, valkostirnir eru Spánn, Lettland, Tyrkland, Kýpur, Ísland og Úkraína. Þá er einnig spurt um kyn, reynslu í kennslu, þar með talið hversu lengi þeir hafi kennt og hvort að þeir hafi kennt námskeið eða sinnt fræðslu sem tengist viðbúnaði við hamförum.

Disaster preparedness experience (Reynsla af kennslu um viðbúnað vegna hamfara)

Markmiðið með þessum hluta er að kanna fyrri reynslu kennara af því að kenna efni sem tengist viðbúnaði vegna hamfara og tengdra málaflokka. Þátttakendur eru einnig spurðir hvort þeir hafi sinnt kennslu á þessu sviði og eru beðnir um að tilgreina efnið sem var til umfjöllunar, til dæmis:

- Viðbrögð við neyðartilvikum
- Skyndihjálp
- Rýmingaráætlanir
- Áhættumat

Einnig eru þátttakendur spurðir hvort þeir sjálfir hafi upplifað hamfarir eða neyðarástand, ef svo er, eru þeir beðnir um að tilgreina hvaða atburð þeir urðu fyrir, t.d heimsfaraldur, efna- eða iðnaðarslys, jarðskjálfta, bruna, flóð, eldgos, þurrka eða aurskriðu.



Fræðslutækifæri

Markmið þessa hluta er að meta hversu aðgengileg fræðsla um viðbúnað vegna hamfara er fyrir kennara. Þátttakendur eru spurðir hvort þeir hafi fengið þjálfun á þessu sviði og hvaða úrræði þeir hafi nýtt sér. Mögulegir svarkostir eru meðal annars:

- Þjálfun sem hið opinbera býður upp á
- Netnámskeið
- Þjálfun á vegum stofnunar
- sjálfs nám

Einnig er spurt hvaða hindranir kennarar upplifa þegar það kemur að því að kenna þetta efni, hvort sem það snýst um skort á efni, stuðningi frá stofnuninni, lítill áhugi eða skortur á fyrri þjálfun á þessu sviði

Þarfir í fræðslu og þjálfun

Í þessum hluta er lögð áhersla á að greina hvaða fræðslu og þjálfun kennarar telja sig þurfa á sviði viðbúnaðar og viðbragða vegna hamfara. Þátttakendur eru spurðir hvort þeir þekki til menntaurræða í sínu heimalandi sem stuðla að þekkingu á viðbúnaði og lífbjargandi færni

Jafnframt er kannað hvort þeir hafi áður fengið fræðslu á þessum sviðum, annað hvort sem nemendur eða kennara, og þá með áherslu á efni á borð við:

- Skyndihjálp
- Eldvarnir
- Áhættumat
- Sjáfsrýmingu
- Sálrænan stuðning í neyð
- Notkun samskiptakerfa í neyðartilvikum
- Hæfni til að lifa af og bregðast við hættu



Æskileg lífsbjargandi færni

Markmið þessa hluta er að greina hvaða færni kennarar telja brýnast að leggja áherslu á í fræðslu um viðbúnað vegna hamfara. Þátttakendur eru beðnir um að velja forgangsefni, þar á meðal:

- Eldvarnir
- Skynidhjálp
- Áhættumat
- Öruggrýming
- Sálrænn stuðningur í neyðartilvikum
- Notkun samskiptakerfa í neyð
- Færni til að lifa af

Einnig er leitast við að greina hvaða úrræði eru áhrifaríkust til að kenna þessi efni, meðal annars:

- Þjálfunaráætlanir fyrir kennara
- Stafrænt kennsluefni
- Hermiaðstæður (Simulations) og verkleg þjálfun
- Leiðbeiningar frá opinberum stofnunum



Þekking og viðhorf til viðbúnaðar vegna hamfara

Í þessum hluta er lagt mat á þekkingu þátttakenda og sjálfsmat þeirra á getu til að takast á við neyðartilvik. Þeir eru beðnir um að meta mikilvægi ýmissar færni innan starfsmenntunar, þar á meðal:

- Aðferðir til öruggrar rýmingar
- Endurlífgun (CPR)
- Samskipti í neyðaraðstæðum
- Skyndihjálp við bruna og meiðsli
- Sálræn skyndihjálp
- Notkun á búnaði til að lifa af
- Árangursrík viðbrögð við neyðartilvikum

Auk þess eru þátttakendur beðnir um að gera sjálfsmat á hversu öruggir þeir eru í hamfarastjórnun með einkunn á kvarðanum 1 til 4 (frá alls ekki öruggur til mjög öruggur). Þá eru þeir einnig beðnir um að meta hversu vel nemendur þeirra og stofnanir eru undirbúin til að bregðast við neyðaraðstæðum

Upplýsingaöflun

Í þessum hluta r skoðað hvaðan kennarar sækja sér upplýsingar um viðbúnað vegna hamfara. Þeir eru spurðir hvort þeir leyti virkt eftir slíkum upplýsingum og hverjar séu helstu heimildir þeirra, svo sem:

- Fréttir í sjónvarpi eða útvarpi
- Samfélagsmiðla
- Opinberar vefsíður stjórnvalda
- Mannúðarsamtök
- Upplýsingar frá fjölskyldu og vinum



Þá er einnig kannað hvaða námsform kennarar telja áhrifaríkust til að kenna þetta efni. Dæmi um valmöguleika eru:

- Snjallforrit
- Fræðslumyndbönd
- Prentaðar handbækur
- Hermiaðstæður og verklegar æfingar
- Málstofur og vefnámskeið

Útsetning fyrir rangfærslum og mýtum

Í þessum hluta er lagt mat á hvernig kennara skynja útbreiðslu rangfærsla og mýta á sviði hamfara- og neyðarfræðslu. Þeir eru spurðir hversu mikla trú þeir bera til þeirra upplýsinga sem þeir fá um efnið og hvort þeir hafi mætt rangfærslum í eigin kennslureynslu.





VET-READY

Yourwebsitename.eu

Follow us:



Co-funded by
the European Union